



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Samantekt, **maí 2017**. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Aðstandendur TindarHótelshéttis ehf gáfu frá sér tilkynningu í lok maí þess efnis að hafa frestað áformum um uppbyggingu hótels um óákveðinn tíma.

Hreyfivika hófst í lok maí og gekk sæmilega. Veðrið var því miður mjög óheppilegt, svo nokkrum útiviðburðum var frestað og/eða aflýst. Þetta var í 4. sinn sem Seyðisfjarðarkaupstaður tekur þátt í Hreyfiviku og gengur betur með hverju ári.

Sumaropnanir hófust þann 1. júní í mörgum stofnunum bæjarins, svo sem Sundhöll, Íþróttamiðstöð og Bókasafni.

Sveitarstjórnarmál

Fundur með bæjarráði Fljótsdalshéraðs

Í byrjun maí fundaði bæjarráð með bæjarráði Fljótsdalshéraðs um ýmiss sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna og sameiginleg verkefni. Fjarðarheiðargöng, samstarf um Skíðasvæðið í Stafdal, sameiginlega jarðgerð, menningarhús á Egilsstöðum, framlög til menningarmiðstöðva, almenningsamgöngur, heilbrigðismál o.f.l.

Ársreikningur 2016

Bæjarstjórn samþykkti og áritaði ársreikning fyrir árið 2016 á fundi sínum 10 maí s.l. Nánar hér <http://www.sfk.is/is/mannlif/frettir/arsreikningur-seydisfjardarkaupstadar-2016>

Reglur um leiguíbúðir Seyðisfjarðarkaupstaðar

Bæjarstjórn samþykkti á fundi í maí reglur um leiguíbúðir Seyðisfjarðarkaupstaðar. Reglurnar má sjá hér

http://www.sfk.is/static/files/skjol/PDF/samthyktir/velferd/felagslegar_leiguibudir_reglur2017-ii.pdf

Starfsmannastefna

Á bæjarstjórnarfundum 10. maí 2017 samþykkti bæjarstjórn tillögu bæjarráðs að starfsmannastefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar sem hefur verið í vinnslu og til umsagnar hjá starfsmönnum kaupstaðarins frá því í haust.

Uppbygging áningarstaðar við Neðri Staf

Í ár fékkst styrkur til gerðar áningarstaðar í Neðri Staf við minnisvarðann um Þorbjörn Arnoddsson. Bæjarstjórn samþykkti samning vegna styrkveitingarinnar við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða á fundi í maí. Uppdrátt af áningarstaðnum má sjá á myndinni hér að neðan :

